



Metfjárfesting í sjávarútvegi


Fjárfesting í sjávarútvegi nam 36,9 ma.kr. í fyrra borið saman við 23,1 ma.kr. árið 2016 og nam aukningin því 13,9 ma.kr. eða 60%. Tölur Hagstofunnar um fjárfestingu ná allt aftur til ársins 1990 og hefur fjárfesting í sjávarútvegi ekki áður mælst svo mikil. Fyrra met var árið 1997 þegar fjárfesting nam 28,9 ma.kr.

Mikil fjárfesting síðustu 3 ár


Fjárfesting í sjávarútvegi skiptist í tölum Hagstofunnar í annars vegar fiskveiðar og hins vegar fiskvinnslu. Fjárfestingar í fiskveiðum voru töluvert meiri en fjárfestingar í fiskvinnslu í fyrra. Þannig nam fjárfesting í fiskveiðum 25,1 ma.kr. en fjárfesting í vinnslu nam 11,9 ma.kr. Fjárfesting í fiskveiðum hefur ekki áður mælst jafn mikil eins og á síðasta ári en fyrra metár var árið 2015 þegar fjárfestingin nam 16,5 ma.kr. Sögulega séð var einnig töluvert mikil fjárfesting árið 2016 þegar hún nam 12,7 ma.kr. Samanlögð fjárfesting í fiskveiðum nemur því 54,3 ma.kr. á síðustu þremur árum. Það er svipuð fjárfesting og samanlögð fjárfesting síðustu 13 ár þar á undan. Samanlögð fjárfesting í fiskvinnslu á síðustu þremur árum nemur 32,2 ma.kr. Sögulega séð er hægt að tala um fjárfestingarkúf að þessu leyti en leita þarf aftur til árunna 1997-1998 til að finna meiri fjárfestingu á svo stuttum tíma.

Miklar fiskiskipafjárfestingar skýra fjárfestingar í fiskveiðum

Fjárfestinguna í fiskveiðum má rekja að miklu leyti til mikillar fjárfestinga í nýsmíði skipa. Á síðasta ári voru flutt inn til landsins 14 fiskiskip og var andvirði þeirra 22 ma.kr. eða um 1,6 ma.kr. á hvert skip að meðaltali. Sá innflutningur kemur í kjölfar 8 innfluttra skipa árið 2016 og 11 skipa árið 2015 en andvirði þessara 19 skipa nam 19,1 ma.kr. Samtals voru flutt inn 33 skip á árunum 2015-2017 fyrir andvirði 38,3 ma.kr. á föstu gengi ársins 2017. Leita þarf aftur til fyrstu árunna eftir aldamót til að finna sambærilega fjárfestingu í fiskiskipum en á árunum 2000-2002 voru flutt inn 48 fiskiskip. Á þeim tíma



Fjárfesting á föstu verðlagi ársins 2017
Heimild: Hagstofa Íslands



Verðmæti á föstu gengi krónunnar 2017
Heimild: Hagstofa Íslands



voru upphæðirnar nokkuð minni en nú eða um 21,6 ma.kr. á gengi síðasta árs.


Mörg af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins hafa verið að fá ný skip eða koma til með að fá ný skip á næstu misserum. Dæmi um þetta eru t.d. HB Grandi, Samherji, ÚA, Hraðfrystihúsið Gunnvör svo einhver séu nefnd. HB Grandi hefur staðið í umfangsmestu fjárfestingunum en félagið hefur látið byggja fyrir sig 3 togara og 2 uppsjárskip á síðustu árum og er verið að smíða einn frystitogara til viðbótar á Spáni fyrir fyrirtækið. Nú í janúar voru flutt inn tvö fiskiskip til landsins að andvirði 2,7 ma.kr. samtals.

Hár aldur flotans, sterkt gengi krónu og minni samkeppnishæfni kalla á fjárfestingu


Það sem ætla má að hafi fyrst og fremst rekið á eftir þessari miklu fjárfestingu í fiskiskipum er annars vegar sterkt gengi krónunnar og hins vegar hár aldur fiskiskipaflotans. Fjárfesting hér á landi hefur haft töluverða fylgni við gengi krónunnar á síðustu áraugum. Þannig hefur fjárfestingin jafnan vaxið verulega þegar krónan hefur styrkst en dregist saman þegar krónan hefur veikst. Þetta samband heldur bæði þegar breytingar á gengi og fjárfestingu koma til á sama árinu en einnig þegar breyting á fjárfestingu kemur í kjölfar breytingar á gengi krónu með eins árs tölum. Styrking krónunnar á undanförunum árum hefur verið töluvert mikil og hefur raungengi krónunnar verið að styrkjast hratt. Nú er svo komið að raungengi krónunnar er litlu veikara en það hefur verið hvað sterkast á síðustu 40 árum. Þessi styrking raungengisins hefur dregið verulega úr samkeppnishæfni íslenskra útflutningsfyrirtækja og er sjávarútvegur þar ekki undanskilinn. Fjárfesting í nýjum skipum eykur samkeppnishæfnina í formi lægri rekstrarkostnaðar og betra hráefnis og gerir styrkur krónunnar það að verkum að kostnaði við fjárfestingu í slíkum skipum er jafnframt haldið í lágmarki mælt í krónum.

Meðalaldur flotans orðinn hár í sögulegu ljósi

Meðalaldur fiskiskipaflotans hefur leitað upp á við frá síðustu aldamótum og endurspeglar þróunin því tiltölulega litla fjárfestingu í nýjum togurum. Árin 2014-2016 mældist meðalaldur togara hér á landi 30 ár sem er það hæsta sem gögnin sýna en þau ná aftur til ársins 1999. Fjárfesting árin 2016 og 2017 skilaði sér í því að meðalaldurinn fór niður í 25 ár



Raungengi á mælikvarða verðlags
Heimild: Seðlabanki Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



fyrir síðasta ár en fara þarf 10 ár aftur í tímann eða allt til ársins 2008 til að finna jafn lágan meðalaldur. Gera má ráð fyrir að fjárfesting á þessu og næstu árum muni halda áfram að lækka þennan meðalaldur.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.